

Fundargerð Nemendaráðs ÖSE

Miðvikudagur 25. janúar 2023

Mætt voru:

Kennarar: Anna Pála, Ragnheiður

8.bekkur: Arna Kristín, Agla, Bergur og Patt.

9.bekkur: Hugrún, Danijela, Embla, Aðalheiður og Elísabeth

10.bekkur: Arnaldur, Auður, Ninja, Styrmir, Þórunn, Helga, Tómas og Margrét.

Málefni fundar:

- Fundur var settur kl.12:01
- Rætt var um vandamál í matartímum varðandi að ekki væri til nægur matur fyrir þá sem koma síðastir. Stór hluti vandamálsins er sóun matarins. Nemendur fá sér of mikið á diskinn og henda því í ruslið. Það leiðir til þess að næsti nemandi fær minna.
 - Upp kom hugmynd að fulltrúar myndu gera tiktok/instagram myndband sem frumleg skilaboð til nemanda um matarsóun.
- Ákveðið var að hafa náttfata/bangsadag á föstudaginn 3. febrúar til að brjóta upp BÍP vikurnar.
 - Auður og Ninja gera auglýsingu instagram.
 - Arna og Agla gera auglýsingu fyrir skjáinn í unglingarými.
- Anna Pála og Ragnheiður ræddu við okkur um hæfniviðmið og einkunnir. Þær svöruðu spurningum okkar og skýrðu frá tilgangi ákvörðunarinnar að breyta þessu síðasta haust.
 - Við skyldum útskýringarnar vel og nokkrir töluðu um að þeir væri farnir að skilja betur og skoða hæfniviðmið.
 - Niðurstaðan er sú að við myndum vilja að allir nemendur fengju þessa útskýringu.
 - Í framtíðinni myndum við vilja að svona stórar breytingar væru kynntar (og útskýrðar) fyrir nemendum fyrirfram.
- 12:40 Nemendur fóru fram í matsal til að taka upp myndband um matarsóun.
- Hópefli Margrétar og Þórunnar frestað um viku.
- Fundi slitið kl.13:06

Framundan:

- Árshjólíð.
- Vinna með fyrirmyndir.
- Hópefli 1. febrúar.
- Öskudagur.
- Margrét og Þórunn, hópefli.

Fundarritari: Margrét og Þórunn.